

## Alþingiskosningar 10. maí 2003

### General elections to the Althingi 10 May 2003

*Samantekt* Kosið var til Alþingis 10. maí 2003 samkvæmt nýjum kosningalögum sem kváðu m.a. á um fækkun kjördæma í sex í stað átta áður og jafnari tölu kjósenda milli þeirra. Var Reykjavík í fyrsta sinn skipt upp í tvö kjördæmi. Við kosningarnar var tala kjósenda á kjörskrá alls 211.304 eða 73,0% landsmanna. Alls greiddu 185.392 kjósendur atkvæði eða 87,7% af öllum kjósendum á kjörskrá.

Kosningabátttaka kvenna var hærri en karla eða 88,3% á móti 87,2% hjá körlum. Í kosningunum buðu sjö stjórnmalasamtök fram lista, þar af sex samtök í öllum kjördæmum. Af 776 frambjóðendum á landinu öllu voru 447 karlar (57,6%) og 329 konur (42,4%). Kynjaskiptingin var konum enn óhagstæðari í þremur efstu sætum framboðslistanna eða 36,9% og hlutfall kjörinna kvenna enn lægra eða 30% af 63 kjörnum þingmönnum.

Úrslit kosninganna 10. maí 2003 urðu þau að Framsóknarflokkur hlaut 17,7% atkvæða og 12 menn kjörna; Sjálfstæðisflokkur 33,7% og 22 þingmenn; Frjálslyndi flokkurinn 7,4% og 4 þingmenn; Samfylkingin 31,0% og 20 þingmenn; Vinstri hreyfingin – grænt framboð 8,8% og 5 þingmenn, en önnur framboð fengu samtals 1,4% gildra atkvæða og engan þingmann. Kjörnar voru 19 konur á þing sem var fækkun um þrjár frá kosningunum 1999.

**Tafla 1. Helstu niðurstöður í alþingiskosningum 10. maí 2003**


*Table 1. Main results of the general elections to Althingi 10 May 2003*

|  | Gild atkvæði<br><i>Valid votes</i> | Hlutfallsleg<br>skipting, %<br><i>Percentage<br/>of valid votes</i> | Kjörnir<br>þingmenn<br><i>Members<br/>elected</i> |
|--|------------------------------------|---|---|
| <b>Alls Total</b>  | <b>183.172</b>                     | <b>100,0</b>  | <b>63</b>   |
| Framsóknarflokkur <i>Progressive Party</i> (B)                           | 32.484                             | 17,7  | 12  |
| Sjálfstæðisflokkur <i>Independence Party</i> (D)                         | 61.701                             | 33,7  | 22  |
| Frjálslyndi flokkurinn <i>The Liberal Party</i> (F)                      | 13.523                             | 7,4   | 4   |
| Nýtt afl <i>New Movement</i> (N)   | 1.791                              | 1,0   | –   |
| Samfylkingin <i>The Alliance</i> (S)                                     | 56.700                             | 31,0  | 20  |
| Framboð óháðra í Suðurkjördæmi <i>Independent</i> (T)                    | 844                                | 0,5   | –   |
| Vinstri hreyfingin - grænt framboð<br><i>The Left-Green Movement</i> (U) | 16.129                             | 8,8   | 5   |



### Mynd 1. Atkvæðahlutfall stjórnmálaflokka á landinu öllu 2003

Figure 1. Results of the elections 2003. Percent of votes



For translation of names of political organisations see page 1.

### Framkvæmd kosninganna

#### Breytt kosningalög

Þann 16. maí 2000 samþykkti Alþingi ný lög um kosningar til Alþingis (nr. 24/2000). Í þeim fólust veigamiklar breytingar á kjördæmaskipan landsins sem verið höfðu í gildi frá frá árinu 1959. Nýju lögini byggðu á stjórnarskrárbreytingu sem samþykkt var 1999. Markmið þessara lagasetninga var að auðvelda breytingar á kosningalögum og fyrirkomulagi þeirra með hliðsjón af búsetuþróun í landinu á hverjum tíma. Grundvallarmarkmið nýju laganna var að draga úr misvægi atkvæða eftir búsetu en jafnframt að tryggja úthlutun þingsæta til stjórnmálasamtaka í samræmi við atkvæðahlutfall þeirra á landinu öllu. Til þess að framfylgja þessum markmiðum taldi Alþingi nauðsynlegt að jafna til muna stærð kjördæma í landinu og fækka fjölda þeirra um leið.

#### Úr 8 kjördæmum í 6


Kjördæmum var fækkað úr 8 í 6. Landsbyggðarkjördæmin voru stækkuð verulega með breyttri afmörkun og fækkun þeirra en Reykjavík var skipt í tvö kjördæmi í þessu skyni (sjá kjördæmakort). Núgildandi kosningalög kveða einnig á um tiltekinn fjölda þingsæta í hverju kjördæmi þegar haldnar eru alþingiskosningar.

#### Misvægi milli kjördæma

Hins vegar er að finna í 9. grein laganna endurskoðunarákvæði sem leyfir tilfærslu þingsæta milli kjördæma í næstu alþingiskosningum á eftir. Þetta endurskoðunarákvæði er fært í lög til að leiðrétta misvægi atkvæða milli kjördæma þannig að kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti í einu kjördæmi nái ekki að verða helmingi færri en kjósendur að baki hverju þingsæti í einhverju öðru kjördæmi. Af 63 þingsætum til Alþingis var skiptingin fyrir kosningarnar 10. maí 2003 þannig að 10 þingsætum var úthlutað til Norðvesturkjördæmis, Norðausturkjördæmis og Suðurkjördæmis, en 11 þingsætum, hvers fyrir sig, til Suðvesturkjördæmis, Reykjavíkur suður og Reykjavíkur norður. Eins og kemur hér síðar fram er ljóst að skylt verður að breyta ofangreindri úthlutun fyrir næstu alþingiskosningar.

## Mynd 2. Kjördæmaskipting 2003

Figure 2. Constituencies in Iceland 2003



Löng hefð er fyrir því að Hagstofa Íslands taki saman skýrslur um almennar kosningar á Íslandi, sbr. 116. grein kosningalaga nr. 24 frá árinu 2000 þar sem segir að „Kjörstjórnir skulu senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublöð sem Hagstofan lætur í té.“ Því miður er það frekar regla en undantekning að skýrslugerð þessi hafi tafist í úrvinnslu vegna seinagangs kjörstjórna við að skila af sér nauðsynlegum gögnum til Hagstofunnar. Snerta þau skil fyrst og fremst upplýsingar um kosningaþátttöku karla og kvenna á einstökum kjörstöðum á landinu.

### Tala kjósenda á kjörskrá

#### Kosningaaldur 18 ár

Samkvæmt kosningalögum á kosningarrétt við kosningar til Alþingis hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og lögheimili á hér á landi. Íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri og átt hefur lögheimili hér á landi á og kosningarrétt í átta ár frá því hann flutti lögheimili sitt af landinu, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Slíkur ríkisborgari á einnig kosningarrétt eftir þann tíma enda hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum kosningalaga.

#### Á kjörskrá: 211.304

Við alþingiskosningarnar 10. maí 2003 var tala kjósenda á kjörskrá 211.304 eða 73,0% af íbúatölu landsins. Í alþingiskosningum 1999 var hlutfallið 72,8%. Síðasta stóra breytingin á kosningarrétti landsmanna var samþykkt árið 1984 þegar kosningaaldur var lækkaður úr 20 árum í 18 og fleiri takmarkandi þættir á kosningarrétt voru rýmkaðir. Milli kosninganna 1983 og 1987 hækkaði hlutfall kjósenda á kjörskrá því úr 63,8% í 70,0% (tafla 2). Kjósendur á kjörskrá með lögheimili erlendis voru 8.728 eða 4,1% allra sem höfðu kosningarrétt (tafla 3).

**Tafla 2. Kosningaþátttaka í alþingiskosningum 1983–2003**

Table 2. Participation in general elections to the Althingi 1983–2003

|   | 1983           | 1987           | 1991           | 1995           | 1999           | 2003           |
|---|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| <b>Kjósendur á kjörskrá</b>             |                |                |                |                |                |                |
| <i>Voters on the electoral roll</i>     | <b>150.977</b> | <b>171.402</b> | <b>182.768</b> | <b>191.973</b> | <b>201.443</b> | <b>211.304</b> |
| Hlutfall af íbúatölu landsins, %        |                |                |                |                |                |                |
| <i>Percentage of population</i>         | 63,8           | 70,0           | 71,1           | 71,8           | 72,8           | 73,0           |
| Karlar <i>Males</i>                     | 75.424         | 85.694         | 91.332         | 95.921         | 100.517        | 105.426        |
| Konur <i>Females</i>                    | 75.553         | 85.708         | 91.436         | 96.052         | 100.926        | 105.878        |
| <b>Greidd atkvæði <i>Votes cast</i></b> | <b>133.304</b> | <b>154.438</b> | <b>160.142</b> | <b>167.751</b> | <b>169.424</b> | <b>185.392</b> |
| Karlar <i>Males</i>                     | 67.462         | 77.528         | 80.280         | 83.708         | 84.228         | 91.930         |
| Konur <i>Females</i>                    | 65.842         | 76.910         | 79.862         | 84.043         | 85.196         | 93.462         |
| <b>Kosningaþátttaka, %</b>              |                |                |                |                |                |                |
| <i>Participation</i>                    | <b>88,3</b>    | <b>90,1</b>    | <b>87,6</b>    | <b>87,4</b>    | <b>84,1</b>    | <b>87,7</b>    |
| Karlar <i>Males</i>                     | 89,4           | 90,5           | 87,9           | 87,3           | 83,8           | 87,2           |
| Konur <i>Females</i>                    | 87,1           | 89,7           | 87,3           | 87,5           | 84,4           | 88,3           |

**Tafla 3. Kjósendur á kjörskrá og kjörskrárstofni fyrir alþingiskosningar 10. maí 2003**

Table 3. Voters on the electoral roll and on the preliminary electoral roll prior to general elections 10 May 2003

|   | Norð-          |                | Suður-         |                | Reykja- Reykja- |                 |
|---|----------------|----------------|----------------|----------------|-----------------|-----------------|
|   | Alls           | Norð-          | Norð-          | Suður-         | Suður-          | Reykja- Reykja- |
|   | <i>Total</i>   | <i>vestur-</i> | <i>austur-</i> | <i>vestur-</i> | <i>suður</i>    | <i>norður</i>   |
|   |                | <i>kjörd.</i>  | <i>kjörd.</i>  | <i>kjörd.</i>  | <i>kjörd.</i>   | <i>kjörd.</i>   |
| <b>Kjósendur á kjörskrá alls</b>            |                |                |                |                |                 |                 |
| <i>Voters on the electoral roll, total</i>  | <b>211.304</b> | <b>21.247</b>  | <b>27.298</b>  | <b>28.344</b>  | <b>48.842</b>   | <b>42.761</b>   |
| Karlar <i>Males</i>                         | 105.426        | 11.070         | 13.901         | 14.617         | 24.225          | 20.754          |
| Konur <i>Females</i>                        | 105.878        | 10.177         | 13.397         | 13.727         | 24.617          | 21.953          |
| <b>Kjósendur á kjörskrárstofni alls</b>     |                |                |                |                |                 |                 |
| <i>Voters on preliminary electoral roll</i> | <b>211.289</b> | <b>21.221</b>  | <b>27.316</b>  | <b>28.374</b>  | <b>48.857</b>   | <b>42.787</b>   |
| Karlar <i>Males</i>                         | 105.400        | 11.056         | 13.911         | 14.631         | 24.231          | 20.739          |
| Konur <i>Females</i>                        | 105.889        | 10.165         | 13.405         | 13.743         | 24.626          | 21.995          |
| Kjósendur með lögheimili erlendis           |                |                |                |                |                 |                 |
| <i>Domicile abroad</i>                      | 8.728          | 524            | 845            | 900            | 2.026           | 2.174           |
| Kjósendur með lögheimili erlendis %         |                |                |                |                |                 |                 |
| <i>Domicile abroad, %</i>                   | 4,1            | 2,5            | 3,1            | 3,2            | 4,1             | 5,1             |

Samkvæmt lögum lætur Hagstofan sveitarstjórnnum í té stofn að kjörskrá sem þær gera svo úr garði að úr verður gild kjörskrá. Kjörskrá skal sveitarstjórn leggja fram almenningi til sýnis eigi síðar en 10 dögum fyrir kjördag og ber sveitarstjórn að leiðrétta kjörskrá, ef við á, fram á kjördag. Í síðustu kosningum breyttust tölur á kjörskrárstofni mjög lítið miðað við endanlega kjörskrá. Á kjörskrárstofni sem Hagstofan birti voru skráðir alls 211.289 kjósendur eða 15 færri en endanleg kjörskrá sýndi að loknum kosningum.

*Kjósendingur á hvern þingmann*

Þrátt fyrir breytt kosningalög til að jafna stærð kjördæma varð niðurstaðan samt sú, að rúmlega helmingi færri kjósendingur á kjörskrá tilheyrðu fámennasta kjördæminu, Norðvesturkjördæmi (21.247), en kjósendingum í því fjölmennasta, Suðvesturkjördæmi (48.842). Ef reiknaður er fjöldi kjósenda á bak við hvern þingmann eftir kjördæmum kemur í ljós að kjósendafjöldi í Norðvesturkjördæmi var 47,9% af kjósendafjölda í Suðvesturkjördæmi (tafla 4). Er því ljóst að með vísan í gildandi kosningalög (9. gr.) muni í næstu þingkosningum eitt þingsæti flytjast frá Norðvesturkjördæmi til Suðvesturkjördæmis en annað haldast óbreytt

**Tafla 4. Kjósendingur á kjörskrá á hvern þingmann í alþingiskosningum 10. maí 2003**

Table 4. Voters on the electoral roll per member of the Althingi in general elections 10 May 2003

|                                | Fjöldi<br>þingmanna í<br>Kjósendingur<br>á kjörskrá<br>Voters on<br>electoral roll | hverju kjördæmi<br><i>Althingi</i><br><i>members</i><br><i>per constituency</i> | Kjósendingur á<br>kjörskrá<br>á hvern<br>þingmann<br><i>Voters per</i><br><i>seat in Althingi</i> | Kjósendingur<br>á bak við<br>þingmann m.v.<br>hæstu tölu í<br>kjördæmi, % <sup>1</sup> |
|--------------------------------|--|---|---|--|
| <b>Allt landið Iceland</b>     | <b>211.304</b>   | <b>63</b>   | <b>3.354</b>  | <b>•</b>   |
| Norðvesturkjördæmi             | 21.247   | 10  | 2.125   | 47,9   |
| Norðausturkjördæmi             | 27.298   | 10  | 2.730   | 61,5   |
| Suðurkjördæmi                  | 28.344   | 10  | 2.834   | 63,8   |
| Suðvesturkjördæmi              | 48.842   | 11  | 4.440   | 100,0  |
| Reykjavíkurborgkjördæmi suður  | 42.761   | 11  | 3.887   | 87,5   |
| Reykjavíkurborgkjördæmi norður | 42.812   | 11  | 3.892   | 87,7   |

<sup>1</sup> Sbr. ákvæði 9. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis. *Voters per member of Althingi as percent of the highest number in any constituency.*

## Kosningabátttaka

*Kosningabátttaka 87,7%*

Við alþingiskosningarnar 10. maí 2003 greiddu atkvæði alls 185.392 kjósendur eða 87,7% af öllum kjósendum á kjörskrá. Er þetta svipuð þátttaka og í þingkosningunum 1991 og 1995 en talsvert hærra en í kosningunum 1999 þegar þátttakan var óvenju lítil eða 84,1% (tafla 2). Þátttaka kvenna árið 2003 var 88,3% en hjá körlum var hún lægri eða 87,2% fyrir landið í heild (tafla 5). Þá var þátttökahlutfall kvenna hærra en karla í öllum kjördæmunum sex og hærra í 61 sveitarfélagi af 105 (tafla 19). Í þingkosningunum 1995 var kosningabátttaka kvenna lítillaga hærra en karla, en í þingkosningum fram að því var þátttaka karla ætíð meiri en kvenna. Af kjördæmum var kosningabátttakan mest í Suðurkjördæmi 89,4% en minnst í Reykjavíkurborgkjördæmi norður 85,5%. Þó ber að hafa í huga að í Reykjavík eru flestir á kjörskrá sem eiga lögheimili erlendis og nýta sér ekki kosningarrétt sinn (tafla 3). Í einstökum sveitarfélögum var kosningabátttakan hæst í Mjóafirði (100%) en lægst í Súðavíkurborg (74,9%) en í fjórum sveitarfélögum á landinu var kosningabátttakan undir 80% (tölur 5 og 19). Í 35 sveitarfélögum var hlutfallið yfir 90% (tafla 5). Kosningabátttaka á höfuðborgarsvæðinu í heild var 87,2% á móti 88,7% á landsbyggðinni. Munurinn var því 1,5% og var kynjamunurinn áþekkur í báðum tilvikum (tafla 6).

**Tafla 5. Kosningaþátttaka í alþingiskosningum 10. maí 2003**

Table 5. Participation in general elections to the Althingi 10 May 2003

|  | Atkvæði<br>alls<br><i>Total</i> | Norð-<br>vestur-<br>kjörd.<br><i>Norð-<br/>vestur-<br/>kjörd.</i> | Norð-<br>austur-<br>kjörd.<br><i>Norð-<br/>austur-<br/>kjörd.</i> | Suður-<br>kjörd.<br><i>Suður-<br/>kjörd.</i> | Suð-<br>vestur-<br>kjörd.<br><i>Suð-<br/>vestur-<br/>kjörd.</i> | Reykja-<br>víkur-<br>kjörd.<br>suður | Reykja-<br>víkur-<br>kjörd.<br>norður |
|--|---------------------------------|---|---|--|---|--------------------------------------|---------------------------------------|
| Greidd atkvæði af kjósendum<br>á kjörskrá <i>Participation of voters<br/>on electoral roll</i> | 87,7                            | 89,3  | 87,5  | 89,4   | 88,5  | 87,3                                 | 85,5                                  |
| Karlar <i>Males</i>  | 87,2                            | 88,7  | 87,0  | 88,9   | 87,8  | 86,7                                 | 85,1                                  |
| Konur <i>Females</i>   | 88,3                            | 90,1  | 87,9  | 90,0   | 89,2  | 87,8                                 | 85,9                                  |
| Utankjörfundaratkvæði <sup>1</sup><br><i>Absentee votes<sup>1</sup></i>                        | 9,7                             | 8,9   | 10,1  | 8,7  | 9,2   | 10,2                                 | 10,8                                  |
| Sveitarfélög eftir kosningaþátttöku<br><i>Municipalities by participation</i>                  |                                 |   |   |  |   |                                      |                                       |
| < 79,9%  | 4                               | 3   | 1   | –  | –   | –                                    | –                                     |
| 80,0–84,9%   | 14                              | 6   | 7   | 1  | –   | –                                    | –                                     |
| 85,0–89,9%   | 53                              | 14  | 21  | 11   | 5   | 1                                    | 1                                     |
| 90,0–94,9%   | 32                              | 14  | 6   | 10   | 2   | –                                    | –                                     |
| 95,0–100%  | 3                               | 2   | 1   | –  | –   | –                                    | –                                     |

<sup>1</sup> Af hundrað greiddum atkvæðum. *Percent of votes cast***Tafla 6. Kosningaþátttaka á höfuðborgarsvæði og landsbyggð í alþingiskosningum 10. maí 2003**

Table 6. Participation inside and outside Capital area in general elections to the Althingi 2003

|   | Greidd atkvæði<br><i>Votes cast</i> | Kjösendur á kjörskrá<br><i>Voters on the<br/>electoral roll</i> | Kosningaþátttaka<br><i>Participation</i> |
|---|-------------------------------------|---|--|
| <b>Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i></b>   | <b>117.188</b>                      | <b>134.415</b>  | <b>87,2</b>                              |
| Karlar <i>Males</i>                             | 57.025                              | 65.838  | 86,6                                     |
| Konur <i>Females</i>                            | 60.163                              | 68.577  | 87,7                                     |
| <b>Landsbyggð <i>Outside Capital region</i></b> | <b>68.204</b>                       | <b>76.889</b>   | <b>88,7</b>                              |
| Karlar <i>Males</i>                             | 34.908                              | 39.588  | 88,2                                     |
| Konur <i>Females</i>                            | 33.296                              | 37.301  | 89,3                                     |

**Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar**

9,7% atkvæða utan kjörfundar

Kjósandi sem gerir ráð fyrir því að hann geti ekki vegna fjarveru eða af öðrum ástæðum sótt kjörfund á kjördegi á þeim stað þar sem hann er á kjörskrá, hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar, sbr. 56 gr. kosningalaga.

Af þeim sem greiddu atkvæði í þingkosningunum 2003 skiluðu 18.068 manns eða 9,7% kjósenda atkvæði sínu utan kjörfundar. Í þingkosningunum 1999 var hlutfallið 9,5%. Heldur fleiri karlar en konur greiddu atkvæði utan kjörfundar, 10,6% á mótí 8,9% kvenna og er það samkvæmt venju. Hæst var hlutfallið í Reykjavíkurborgardæmi norður (10,8%), næsthæst í Reykjavíkurborgardæmi suður (10,2%) en lægst (8,7%) í Suðurborgardæmi (tafla 7).

**Tafla 7. Utankjörfundaratkvæði eftir kjördæmum 10. maí 2003**Table 7. *Absentee votes in general elections to the Althingi 10 May 2003*

|   | Alls<br><i>Total</i> | Karlar<br><i>Males</i> | Konur<br><i>Females</i> |
|---|----------------------|------------------------|-------------------------|
| <b>Utankjörfundaratkvæði alls</b>                     |                      |                        |                         |
| <b><i>Absentee votes, total</i></b>                   | <b>18.068</b>        | <b>9.756</b>           | <b>8.312</b>            |
| Norðvesturkjördæmi                                    | 1.690                | 951                    | 739                     |
| Norðausturkjördæmi                                    | 2.416                | 1.434                  | 982                     |
| Suðurkjördæmi   | 2.200                | 1.270                  | 930                     |
| Suðvesturkjördæmi                                     | 3.979                | 2.117                  | 1.862                   |
| Reykjavíkurrkjördæmi suður                            | 3.812                | 1.971                  | 1.841                   |
| Reykjavíkurrkjördæmi norður                           | 3.971                | 2.013                  | 1.958                   |
| <b>Hlutfall af greiddum atkvæðum</b>                  |                      |                        |                         |
| <b><i>Percent of votes cast</i></b>                   | <b>9,7</b>           | <b>10,6</b>            | <b>8,9</b>              |
| Norðvesturkjördæmi                                    | 8,9                  | 9,7                    | 8,1                     |
| Norðausturkjördæmi                                    | 10,1                 | 11,9                   | 8,3                     |
| Suðurkjördæmi   | 8,7                  | 9,8                    | 7,5                     |
| Suðvesturkjördæmi                                     | 9,2                  | 9,9                    | 8,5                     |
| Reykjavíkurrkjördæmi suður                            | 10,2                 | 11,0                   | 9,5                     |
| Reykjavíkurrkjördæmi norður                           | 10,8                 | 11,3                   | 10,4                    |
| <b>Hlutfall af kjösendum á kjörskrá</b>               |                      |                        |                         |
| <b><i>Percent of voters on the electoral roll</i></b> | <b>8,6</b>           | <b>9,3</b>             | <b>7,9</b>              |
| Norðvesturkjördæmi                                    | 8,0                  | 8,6                    | 7,3                     |
| Norðausturkjördæmi                                    | 8,9                  | 10,3                   | 7,3                     |
| Suðurkjördæmi   | 7,8                  | 8,7                    | 6,8                     |
| Suðvesturkjördæmi                                     | 8,1                  | 8,7                    | 7,6                     |
| Reykjavíkurrkjördæmi suður                            | 8,9                  | 9,5                    | 8,4                     |
| Reykjavíkurrkjördæmi norður                           | 9,3                  | 9,7                    | 8,9                     |

## Framboðslistar og frambjóðendur

*Sjö stjórnmalasamtök  
buðu fram*

Í alþingiskosningunum 2003 buðu sex stjórnmalasamtök fram lista í öllum kjördæmunum sex. Þessi samtök voru: Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Frjálslyndi flokkurinn, Nýtt afl, Samfylkingin og Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Að auki buðu ein samtök fram í einu kjördæmi, Framboð óháðra í Suðurkjördæmi og voru því alls sjö stjórnmalasamtök í framboði.

*Karlar fleiri en konur í framboði*

Alls voru á landinu öllu boðnir fram 37 framboðslistar í kosningunum 2003 og er það fækkun frá kosningum síðustu 20 ára þegar fjölbreyttni í framboðum jókst miðað við fyrri tíma (tafla 8). Alls var fjöldi frambjóðenda 776 í kosningunum 2003 og skiptist í 447 karla og 329 konur. Var frambjóðendafjöldinn í heild sá sami og í kosningunum 1999 sem er nokkur tilviljun. Hlutfall karlframbjóðenda var 57,6% á móti 42,4% kvenframbjóðendum þegar öll nöfn á framboðslistum eru talin (tafla 8). Af frambjóðendum í fyrstu þremur sætum listanna voru karlframbjóðendur 70 (63,1%) en kvenframbjóðendur 41 (36,9%). Fleiri karlar en konur voru í framboði í öllum kjördæmum landsins. Munurinn var minnstur í Reykjavíkurrkjördæmi suður en mestur í Norðausturkjördæmi. Aðeins í einu kjördæmi, Reykjavíkurrkjördæmi suður, voru fleiri konur en karlar í framboði í þremur efstu sætum hvers lista, en í Suðvesturkjördæmi var kynjaskiptingin jöfn. Mestur var munurinn hins vegar í Suðurkjördæmi þar sem 76% efstu frambjóðenda voru karlar (tafla 9).

**Tafla 8. Framboð til alþingiskosninga 1983–2003**

Table 8. Candidate lists for general elections to the Althingi 1983–2003

|      | Stjórn mála-<br>samtök<br><i>Political<br/>organisations</i> | Framboðs-<br>listar<br><i>Candidate<br/>lists</i> | Frambjóðendur <i>Candidates</i> |                        |                         |                            |                         |
|------|--|---|---------------------------------|------------------------|-------------------------|----------------------------|-------------------------|
|      |  |   | Fjöldi <i>Number</i>            |                        |                         | Hlutfall <i>Percentage</i> |                         |
|      |  |   | Alls<br><i>Total</i>            | Karlar<br><i>Males</i> | Konur<br><i>Females</i> | Karlar<br><i>Males</i>     | Konur<br><i>Females</i> |
| 1983 | 7  | 45  | 556                             | 361                    | 195                     | 64,9                       | 35,1                    |
| 1987 | 10   | 64  | 958                             | 521                    | 437                     | 54,4                       | 45,6                    |
| 1991 | 11   | 67  | 1.029                           | 560                    | 469                     | 54,4                       | 45,6                    |
| 1995 | 10   | 56  | 843                             | 418                    | 425                     | 49,6                       | 50,4                    |
| 1999 | 8  | 51  | 776                             | 464                    | 312                     | 59,8                       | 40,2                    |
| 2003 | 7  | 37  | 776                             | 447                    | 329                     | 57,6                       | 42,4                    |

Munurinn á hlutfalli karla og kvenna á höfuðborgarsvæði og landsbyggð var verulegur þegar litið er til frambjóðenda í 1.–3. sæti. Á höfuðborgarsvæði var það hlutfall nánast það sama og fyrir alla frambjóðendur en á landsbyggðinni voru einungis 30% frambjóðenda konur sem þýðir að kvenframbjóðendur þar voru tiltölulega neðarlega á framboðslistum (sjá mynd 3). Af einstökum stjórn mála-samtökum var hlutfallið jafnast á milli karla og kvenna hjá Samfylkingunni þar sem 90,9 konur á hverja 100 karla voru í framboði og hjá Sjálfstæðisflokki þar sem hlutfallið var 88,6. Lægst var þetta hlutfall hjá Frjálslynda floknum, 41,6 (sbr. mynd 4 og tafla 9).

*Meðalaldur frambjóðenda*  
47,3 ár

Meðalaldur frambjóðenda á kjördegi 10. maí 2003 var 47,3 ár. Karlkyns frambjóðendur voru rúmlega þremur árum eldri að meðaltali (48,8 ára) en kvenframbjóðendur (45,4 ára) (tafla 10). Meðalaldur þjóðarinnar á kosningaaldri var 44,6 ár um mitt ár 2003 en meðalaldur þjóðarinnar allrar var 35,4 ár. Meðalaldur frambjóðenda var því lítillega hærri en meðalaldur kosningabærra manna. Enginn afgerandi munur var á meðalaldri frambjóðenda eftir stjórn mála-samtökum eða kjördæmum. Af stjórn mála-samtökum á landsvísu var meðalaldur frambjóðenda hæstur í Frjálslynda floknum, 49,8 ára, og lægstur hjá Framsóknar-floknum, 43,0 ár (tafla 10). Meðalaldur frambjóðenda var hæstur í Suður-kjördæmi, 49,1 ár en lægstur í Norðausturkjördæmi, 45,9 ár (tafla 11).




**Tafla 9. Frambjóðendur við alþingiskosningar 10. maí 2003**

Table 9. Candidates for general elections to the Althingi 10 May 2003

|  | Alls<br><i>Total</i> | Karlar<br><i>Males</i> | Konur<br><i>Females</i> | Karlar %<br><i>Males</i> | Konur %<br><i>Females</i> |
|--|----------------------|------------------------|-------------------------|--------------------------|---------------------------|
| <b>Allir frambjóðendur <i>All candidates</i></b>   |                      |                        |                         |                          |                           |
| <b>Alls Total</b>                                  | <b>776</b>           | <b>447</b>             | <b>329</b>              | <b>57,6</b>              | <b>42,4</b>               |
| Norðvesturkjördæmi                                 | 120                  | 71                     | 49                      | 59,2                     | 40,8                      |
| Norðausturkjördæmi                                 | 120                  | 74                     | 46                      | 61,7                     | 38,3                      |
| Suðurkjördæmi                                      | 140                  | 84                     | 56                      | 60,0                     | 40,0                      |
| Suðvesturkjördæmi                                  | 132                  | 73                     | 59                      | 55,3                     | 44,7                      |
| Reykjavíkurborg                                    | 132                  | 71                     | 61                      | 53,8                     | 46,2                      |
| Reykjavíkurborg norður                             | 132                  | 74                     | 58                      | 56,1                     | 43,9                      |
| <b>Stjórnmalasamtök <i>Political org.</i></b>      |                      |                        |                         |                          |                           |
| Framsóknarflokkur                                  | 126                  | 70                     | 56                      | 55,6                     | 44,4                      |
| Sjálfstæðisflokkur                                 | 126                  | 67                     | 59                      | 53,2                     | 46,8                      |
| Frjálslyndi flokkurinn                             | 126                  | 89                     | 37                      | 70,6                     | 29,4                      |
| Nýtt afl   | 126                  | 74                     | 52                      | 58,7                     | 41,3                      |
| Samfylkingin                                       | 126                  | 66                     | 60                      | 52,4                     | 47,6                      |
| Framboð óháðra í Suðurkjördæmi                     | 20                   | 12                     | 8                       | 60,0                     | 40,0                      |
| Vinstri hreyfingin - grænt framboð                 | 126                  | 69                     | 57                      | 54,8                     | 45,2                      |
| <b>Frambjóðendur 1.–3. sæti</b>                    |                      |                        |                         |                          |                           |
| <b><i>Candidates in 1st–3rd place on lists</i></b> |                      |                        |                         |                          |                           |
| <b>Alls Total</b>                                  | <b>111</b>           | <b>70</b>              | <b>41</b>               | <b>63,1</b>              | <b>36,9</b>               |
| Norðvesturkjördæmi                                 | 18                   | 13                     | 5                       | 72,2                     | 27,8                      |
| Norðausturkjördæmi                                 | 18                   | 11                     | 7                       | 61,1                     | 38,9                      |
| Suðurkjördæmi                                      | 21                   | 16                     | 5                       | 76,2                     | 23,8                      |
| Suðvesturkjördæmi                                  | 18                   | 9                      | 9                       | 50,0                     | 50,0                      |
| Reykjavíkurborg                                    | 18                   | 8                      | 10                      | 44,4                     | 55,6                      |
| Reykjavíkurborg norður                             | 18                   | 13                     | 5                       | 72,2                     | 27,8                      |
| <b>Stjórnmalasamtök <i>Political org.</i></b>      |                      |                        |                         |                          |                           |
| Framsóknarflokkur                                  | 18                   | 11                     | 7                       | 61,1                     | 38,9                      |
| Sjálfstæðisflokkur                                 | 18                   | 14                     | 4                       | 77,8                     | 22,2                      |
| Frjálslyndi flokkurinn                             | 18                   | 13                     | 5                       | 72,2                     | 27,8                      |
| Nýtt afl   | 18                   | 12                     | 6                       | 66,7                     | 33,3                      |
| Samfylkingin                                       | 18                   | 9                      | 9                       | 50,0                     | 50,0                      |
| Framboð óháðra í Suðurkjördæmi                     | 3                    | 3                      | –                       | 100,0                    | –                         |
| Vinstri hreyfingin - grænt framboð                 | 18                   | 8                      | 10                      | 44,4                     | 55,6                      |

For translation of names of political organisations see page 1.

**Mynd 3. Frambjóðendur eftir kyni í alþingiskosningum 2003**  
 Figure 3. Candidates by sex in elections to the Althingi 2003




**Tafla 10. Frambjóðendur eftir aldri, kyni og stjórnmálasamtökum í alþingis-  
kosningum 10. maí 2003***Table 10. Candidates by age, sex and political organisation in general elections to the  
Althingi 10 May 2003*

|                                       | Alls<br><i>Total</i> | 18–29<br>ára<br><i>years</i> | 30–39<br>ára<br><i>years</i> | 40–49<br>ára<br><i>years</i> | 50–59<br>ára<br><i>years</i> | 60–69<br>ára<br><i>years</i> | 70–79<br>ára<br><i>years</i> | 80<br>ára–<br><i>and</i><br>older | Meðal-<br>aldur<br><i>Mean</i><br><i>age</i> |
|---------------------------------------|----------------------|------------------------------|------------------------------|------------------------------|------------------------------|------------------------------|------------------------------|-----------------------------------|--|
| <b>Alls <i>Total</i></b>              | <b>776</b>           | <b>106</b>                   | <b>149</b>                   | <b>194</b>                   | <b>184</b>                   | <b>89</b>                    | <b>42</b>                    | <b>12</b>                         | <b>47,3</b>                                  |
| Framsóknarflokkur                     | 126                  | 24                           | 32                           | 35                           | 23                           | 8                            | 4                            | –                                 | 43,0   |
| Sjálfstæðisflokkur                    | 126                  | 15                           | 36                           | 24                           | 27                           | 14                           | 8                            | 2                                 | 47,2   |
| Frjálslyndi flokkurinn                | 126                  | 16                           | 21                           | 28                           | 29                           | 18                           | 11                           | 3                                 | 49,8   |
| Nýtt afl                              | 126                  | 16                           | 19                           | 35                           | 30                           | 20                           | 5                            | 1                                 | 48,2   |
| Samfylkingin                          | 126                  | 13                           | 19                           | 35                           | 35                           | 15                           | 6                            | 3                                 | 48,8   |
| Framboð óháðra í<br>Suðurkjördæmi     | 20                   | 3                            | 5                            | 6                            | 6                            | –                            | –                            | –                                 | 42,2   |
| Vinstri hreyfingin - grænt<br>framboð | 126                  | 19                           | 17                           | 31                           | 34                           | 14                           | 8                            | 3                                 | 48,0   |
| <b>Karlar <i>Males</i></b>            | <b>447</b>           | <b>57</b>                    | <b>78</b>                    | <b>101</b>                   | <b>110</b>                   | <b>67</b>                    | <b>26</b>                    | <b>8</b>                          | <b>48,8</b>                                  |
| Framsóknarflokkur                     | 70                   | 12                           | 16                           | 18                           | 16                           | 6                            | 2                            | –                                 | 44,6   |
| Sjálfstæðisflokkur                    | 67                   | 11                           | 16                           | 9                            | 15                           | 11                           | 4                            | 1                                 | 47,8   |
| Frjálslyndi flokkurinn                | 89                   | 9                            | 16                           | 19                           | 18                           | 14                           | 10                           | 3                                 | 51,5   |
| Nýtt afl                              | 74                   | 7                            | 8                            | 19                           | 19                           | 16                           | 4                            | 1                                 | 51,3   |
| Samfylkingin                          | 66                   | 5                            | 9                            | 21                           | 16                           | 11                           | 3                            | 1                                 | 49,6   |
| Framboð óháðra í<br>Suðurkjördæmi     | 12                   | 2                            | 4                            | 1                            | 5                            | –                            | –                            | –                                 | 43,1   |
| Vinstri hreyfingin - grænt<br>framboð | 69                   | 11                           | 9                            | 14                           | 21                           | 9                            | 3                            | 2                                 | 48,1   |
